



Fundur háskólaráðs 15. apríl 2002

Fundargerð

Málsnúmer: HI02010041
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 09.04.2002 13:42:40
Dags: 15.04.2002

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169 2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4302/4303/4041
Fax: 525 4038

8/2002

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2002, mánudaginn 15. apríl var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mættir voru: Páll Skúlason, Ármann Höskuldsson, Guðmundur G. Haraldsson, Stefán Ólafsson, Baldvin Þór Bergsson, Sigríður Ólafsdóttir, Jón Ma. Ásgeirsson, María Guðmundsdóttir og Hörður Sigurðsson.

1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram umsögn Háskólans um frumvörp til laga um opinberan stuðning við vísindastarfsemi (549. mál Alþ.), um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun (533. mál Alþ.) og um Vísinda- og tækniráð (539. mál Alþ.).
Lögð fram tillaga menntamálaráðuneytisins að breytingu á 6. gr., 10. gr. og ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.
- Háskólaráð felur rektor að fylgja málinu eftir í samræmi við umræður í ráðinu.
- 1.2 Lagt fram bréf rektors og deildarforseta læknadeildar til Heilbrigðisnefndar Alþingis, dags. 15. apríl 2002, vegna frumvarps til laga um lögfestingu á stjórnskipulegri stöðu Landspítala-Háskólasjúkrahúss.
- 1.3 Lögð fram skýrsla vinnuhóps um markaðs- og kynningarmál Háskóla Íslands, dags. 28. febrúar 2002.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram samþykkt háskólaráðs, dags. 15. júní 1995, um málefni fatlaðra stúdentna við Háskóla Íslands ásamt drögum að reglum um sérstök úrræði í námi við Háskóla Íslands, dags. 12. apríl 2002 og drögum að stefnu Háskóla Íslands í málefnum fatlaðra, dags. 12. apríl 2002.
- Samþykkt að fela Jón Ma. Ásgeirssyni og Baldvini Þór Bergssyni að undirbúa málið í samráði við stjórnslusvið.
- 2.2 Lögð fram tillaga að bókun frá kennslumálanefnd, dags. 25. mars 2002.
„Um lokaritgerðir og lokaverkefni stúdentna við Háskóla Íslands:
Háskólaráð felur deildum að gefa út skrifleg fyrirmæli um lokaritgerðir og lokaverkefni og viðmiðanir um viðurkennd fræðileg vinnubrögð. Slík fyrirmæli skulu kynnt fyrir stúdentum og að jafnaði birt í kennsluskrá Háskólans eða á heimasíðu viðkomandi deildar.”
- Samþykkt einróma. Kennslustjóra er falið að kynna og skýra málið fyrir deildum Háskólans.
- 2.3 Lögð fram drög að verklagi við samningsgerð um hagnýtingu hugverka starfsmanna Háskóla Íslands, dags. 10. apríl 2002.
- Halldóri Jónssyni, framkvæmdastjóra rannsóknasviðs og Tryggva Þórhallssyni,

lögfræðingi Háskólans, falið að ganga frá drögum með hliðsjón af umræðum og ábendingum háskólaráðs.

- 2.4 Lagt fram bréf frá Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands, dags. 4. apríl 2002, ásamt drögum að reglum um Erfðafræðinefnd Háskóla Íslands, dags. 22. mars 2002.
 - Samþykkt að vísa drögum til umsagnar heilbrigðisvísindadeilda, félagsvísindadeildar og Siðfræðistofnunar Háskólans.
- 2.5 Lögð fram tillaga um breytingar á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000 sem samþykktar voru samhljóða á deildarfundum viðskipta- og hagfræðideildar, 22. mars 2002.
 - Samþykkt með sjö atkvæðum, en einn var á móti.
- 2.6 Lögð fram umsögn stjórnar Háskólaútgáfunnar, dags. 20. mars 2002, um ritrýni bóka ásamt samantekt um tilgang og eðli ritrýni og með hvaða hætti henni verði komið á.
 - Frestað. Magnúsi D. Baldurssyni, formanni stjórnar Háskólaútgáfunnar, var falið að bregðast við framkomnum spurningum um málið.
- 2.7 Lagt fram bréf frá menntamálanefnd Alþingis, dags. 2. apríl 2002, ásamt frumvarpi til laga um Tækniháskóla Íslands. Óskað er eftir umsögn Háskóla Íslands um frumvarpið.
 - Rektor var falið að gefa umsögn um frumvarpið í samráði við forseta verkfræðideildar.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Endurskoðuð tillaga að reglum um Þróunarstofnun Háskóla Íslands, sbr. síðasta fund og umræðu 7. mars 2002 um drög að reglum um Fræðasetur H.Í.
 - Frestað.
- 3.2 Tillaga stjórnar sjóða Háskólans um framtíðarskipun, lögð fram 7. mars 2002. Málið var rætt. Óskað eftir að stjórnarsýslusvið og rekstrar- og framkvæmdasvið í samráði við sjóðsstjórnina leggi fram endurskoðaðar tillögur í samræmi við framlagt minnisblað stjórnarsýslusviðs.
- 3.3 Drög að reglum um stjórnunar- og aðstöðugjald, sbr. minnisblað lagt fram 21. mars 2002 og tillögu formannanefndar sem lögð var fram á fundi ráðsins 16. október 2001. Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs og gerði grein fyrir framlögðum drögum að reglum um stjórnunar- og aðstöðugjald. Málið var rætt ítarlega, einkum hlutfall stjórnunar- og aðstöðugjaldsins. Að lokinni umræðu bar rektor fram tillögu um að í stað 20% gjalds, eins og formannanefndin leggur til, verði lagt á 12% stjórnunar- og aðstöðugjald.
 - Samþykkt á jöfnum atkvæðum, en fjórir voru með og fjórir á móti.Guðmundur G. Haraldsson, fulltrúi verk- og raunvísindasviðs í háskólaráði, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Ég tel 12% stjórnunar- og aðstöðugjald of hátt og tel þessa ákvörðun vinna gegn viðleitni til að fjármagna rannsóknir í tengslum við meistara- og doktorsnám í raun- og tilraunavísindum við Háskóla Íslands.”
- 3.4 Tillaga að breytingu á lögum um háskóla nr. 136/1997. Lögð fram 26. febrúar 2002.
 - Frestað. Baldvin Þór Bergsson, fulltrúi stúdenta, mun koma á fund laganefndarinnar og gera henni grein fyrir sjónarmiðum sínum áður en málið verður tekið til afgreiðslu á næsta fundi ráðsins.
- 3.5 Framtíðarfyrirkomulag íþróttastarfsemi H.Í.
 - Rektor var falið að skipa starfshóp í samræmi við framlagt minnisblað Sigrúnar Valgarðsdóttur og Tryggva Þórhallssonar, að viðbættum einum fulltrúa frá Kennaraháskóla Íslands.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.50

